

Nd.

100. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörnum, og lögum nr. 5, 3. apríl 1928, um breytingar á þeim lögnum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Hjeðinn Valdimarsson, Sigrjón Á. Ólafsson.

1. gr.

Auk þeirra vara, er greinir í 1. gr. laga nr. 47, 15. júní 1926, skulu eftirtaldar vörur vera undanþegnar verðtolti:

Kjólæfni kvenna og barna úr baðmull. Tvisstau. Sirs. Slitfataefni, svo sem blússuefni, molskin og nankín. Boldang. Sængurdúkur. Fóðurefni, svo sem nankín og shirting. Ljereft. Tilbúinn karlmannafatnaður (ytri) úr ull og slitfataefni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Síðasta Alþingi hækkaði verðtoll á þessum vörum og ýmsnum fleiri úr 10% upp í 15% af innkaupsverði til ársloka 1930. Var þá borið við fjárförf ríkissjóðsins.

Nú hefir, samkv. skýrslu forsætisráðherra, orðið um 1½ miljónar króna tekjuafgangnr síðastliðið ár. Virðist því sjálfsagt að ljetta af einhverjum þeim sköttum, sem ranglátastir eru, en það eru tollar þeir, sem hvila á nanðsynjum almennings.

Meðalinnflutningur vörntegnda þeirra, sem í frv. er ætlast til að verði undanþegnar verðtolti, mun vera um 2700—2800 þús. krónnr á ári. Tekju-missir ríkissjóðs, ef frv. þetta yrði að lögum, myndi því nema um 400—420 þús. krónum á ári að meðaltali, en þó miklu minna á þessn ári, vegna þess, hve liðið verður á árið, þegar lögin öðlast gildi.

Auk verðtollsins, 15%, er nú lagður á þessar vörur vörutollur, 18 aurar pr. kg. að umbúðum meðtöldum. Til uppjafnaðar lætur nærri, að hann nemi nm 2% af innkaupsverði þeirra, en miklu meira af þeim, sem eru mjög þungar í sjer eða fluttar eru inn í þungum umbúðum.